

Nýútkomin lög.

Lög er breyta tilskipun 5. september 1794, staðfest af konungi 29. febrúar 1884, sbr. A. 4, bls. 22—23.

Brjef landshöfðingja til hæstarjettarassessors A. F. Kriegers innihaldandi þakk- 33
læti fyrir bókagjafir. — Neðri deild alþingis þess, er haldið var í sumar, hefur með 18. sept.
þingsályktun skorað á landshöfðingjann að pakka yður, hávelborni herra, fyrir þær miklu 1883.
bókagjafir, er þjer hafið gefið landsbókasafni Íslands.

Um leið og jeg nú nýt þess heiðurs að framkvæma það erindi, er mjer þannig
hefur verið á hendur falið, leyfi jeg mjer að lýsa yfir því, að þessar mikilsverðu gjafir
hafa verið meðteknað með innilegri viðurkenningu fyrir þá framúrskarandi velvild og um-
hyggju fyrir Íslandi, er á þenna hátt hefur komið svo fagurlega fram af yðar hendi.

Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um úthlutun á styrk til 34
prestaekkna og barna. — Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu 8. marz.
brjefi dags. 6. p. m., fellst jeg á, að þeim 2500 kr., sem fyrir árið 1884 eru veittar til
prestaekkna og barna í 13. gr. A. b. 6. í fjárlögunum fyrir 1884 og 1885, verði skipt
milli neðannefndra prestaekkna á þann hátt, að hver þeirra hljóti þá upphæð, sem nú
skal greina:

1. Kristín Gunnarsdóttir frá Desjarmýri kr. 80,00
2. Guðlaug Guttormsdóttir frá Skeggjastöðum — 30,00
3. Helga Guðmundsdóttir frá Eyðölum — 40,00
4. Þorbjörg Jónsdóttir frá Kolfreyjustað — 50,00
5. Björg Magnúsdóttir frá Dvergasteini — 40,00
6. Oddný Fr. Pálsdóttir frá Kálfafellsstað — 60,00
7. Jóhanna A. Lúðvíksdóttir frá Sandfelli — 50,00
8. Guðrún Pjetursdóttir frá Arnarbæli — 40,00
9. Guðrún Ingvarsdóttir í Gulárósi — 50,00
10. Guðrún Þorvaldsdóttir frá Reynivöllum — 50,00
11. Solveig Einarsdóttir, nú í Miðskála — 30,00
12. Halla Ingvarsdóttir á Torfastöðum — 60,00
13. Ingibjörg Thórarensen frá Stokkseyri — 30,00
14. Steinunn Melsteð frá Klausturhólum — 40,00
15. Helga Pálsdóttir frá Reynivöllum — 60,00
16. Helga Magnúsdóttir frá Glæsibæ — 50,00
17. Margrjet Narfadóttir frá Glæsibæ — 80,00
18. Elín Scheving frá Vogsósum — 70,00
19. Sigríður Magnúsdóttir frá Viðvík — 50,00
20. Guðlaug Eiríksdóttir frá Reynivöllum — 42,00
21. Halldóra Jónasdóttir á Grímsstöðum — 80,00
22. Halldóra Jónsdóttir úr Nesþingum — 50,00

Flyt — 1132,00

29. d. marzm. 1884.